

Fundargerð fræðslunefndar Skagastrandar

Fundur var haldinn miðvikudaginn 27. ágúst 2025 kl. 12:00, í gegnum fjarfundabúnaðinn Teams.

Á fundinn voru mætt:

Fræðslunefnd: Ástrós Elísdóttir, Judith Maria Scheja, Þórey Fjóla Aradóttir og Guðni Már Lýðsson.

Fulltrúar grunnskóla: Guðrún Elsa Helgadóttir, sitjandi skólastjóri, Berglind Sólrós Helgadóttir, fulltrúi kennara, og Ástrós Villa Vilhelmsdóttir, fulltrúi foreldra.

Fulltrúar leikskóla: Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir, leikskólastjóri og Sesselja Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsfólks.

Aðrir: Krístrún Lind Birgisdóttir frá Ásgarði, skólaráðgjöf og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Ástrós formaður stýrði fundinum og Krístrún ritaði fundargerð.

Fjárhagsáætlun

Guðrún Elsa gerði grein fyrir því hvaða óskir hún hefði fyrir Höfðaskóla fyrir næstu fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Guðrún nefndi hugmyndir um tækifæri til þess að byggja upp aðstöðu fyrir frístund. Forgangslisti er í gildi í sveitarfélaginu.

Ráðningarsamningar - staða á ráðningum

Guðrún Elsa fór yfir stöðugildi sem hefur verið komið fyrir í kennslu. Stöðþjónustan er að raðast saman. Enn sem komið er hefur ekki verið óskað eftir viðbótarkennslumagni eða sérkennslu.

- Rúmlega 8,25 stöðugildum var úthlutað í kennslu og stundaskrár gerðar í samræmi við þá úthlutun.
- Skólastjóri í leyfi. Annar starfsmaður er kominn í leyfi líka sem tilkynnt var í dag.
- 6,4 stöðugildum var úthlutað í stöðkennslu.

Starfsmannastefna og handbók (starfsmannastjórnun og verkaskipting)

Drög að nýju skipuriti sem Guðrún fór yfir. Nýtt skipurit fer fyrir skólaráð og verður borið upp til samþykktar á næsta skólaráðsfundi.

Farið var yfir starfsmannastefnu Höfðaskóla og handbókina, sem gildir út árið 2025. Rætt um reglur um leyfi kennara og stjórnenda og hvað mætti vera skýrara í handbókinni þegar hún verður endurskoðuð.

Stytting hjá grunnskólakennurum - fyrirkomulag

Farið yfir samkomulag og framkvæmd styttingar vinnuvikunnar hjá grunnskólakennurum. Sveitarstjóra falið að skoða hvernig styttingin hafi verið útfærð hjá sveitarfélögum á síðustu árum og meta hvort nauðsynlegt sé að endurskoða fyrirkomulagið. Mikilvægt að skýrar leiðbeiningar komi fram í starfsmannahandbók.

Stytting hjá skólastjórnendum - fyrirkomulag

Farið yfir framkvæmd styttingar vinnuvikunnar hjá skólastjóra en það er háð samkomulagi á milli sveitarstjóra og grunnskólastjóra sem einnig er mikilvægt að skýra í starfsmannahandbók.

Önnur mál

Engin önnur mál borin upp.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:40.

Ástrós Elísdóttir

Judith Maria Scheja

Pórey Fjóra Aradóttir

Guðni Már Lýðsson

Guðrún Elsa Helgadóttir

Berglind Sólrós Helgadóttir

Ástrós Villa Vilhelmsdóttir

Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir

Sesselja Guðmundsdóttir

Kristrún Lind Birgisdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Undirritunarsíða

Alexandra Jóhannesdóttir

Þórey Fjóra Aradóttir

Guðni Már Lýðsson

Ástrós Elísdóttir

Kristrún Lind Birgisdóttir

Berglind Sólrós Helgadóttir

Guðrún Elsa Helgadóttir

Ástrós Villa Vilhelmsdóttir

Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir